



15. október 2018.

Umsögn Félags sjúkrabjálffara um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (heilbrigðisþjónusta í hagnaðarskyni), 11. mál,

Félag sjúkrabjálffara leggur til að frumvarpið, allar greinar þess, verði dregið til baka.

- Grunnhugmyndin sem slík er fjarstæðukennd, þ.e. að ætlast til þess að sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn séu tilbúnir að leggja fram háar fjárhæðir sem oft á tíðum eru teknar að láni með veðum í eigin húsnæði eða húsnæði vandamanna án eðlilegrar arðsemiskröfu, einungis til þess að starfa í þessum geira.
- Ef hugmyndin er sú að þessi starfssemi sé almennt rekin án hagnaðar þá er það afar óeðlilegt að ætlast til þess að sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn þurfi að fylgjast með verðgildi hlutafjár síns rýrna í verði jafnt og þétt með tímanum og jafnvel á sama tíma standa undir fjármagnskostnaði af lánum hjá bönkum vegna þessara „fjárfestinga“.
- Ef gert er ráð fyrir að fyrirtækin séu rekin með eðlilegum hagnaði en geti ekki greitt hann út úr rekstrinum þýðir það að virði hlutafjár síns eykst jafnt og þétt með tímanum. Það getur með tímanum valdið því að dýrara og erfiðara verður fyrir nýja aðila að kaupa sig inn í reksturinn og þannig hamlað eðlilegri nýliðun í geiranum. Það gæti með tímanum líka valdið þrýstingi á að þessi fyrirtæki færi út kviarnar meira en eðlilegt sé.
- Ef hugmyndin er að þessi fyrirtæki greiði hluthöfum laun í stað eðlilegas arðs, þá bjagar það verulega allan samanburð á launum. Auk þess þýðir það að aðrar reglur gildi fyrir fjármagnstekjur sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn en aðra rekstraraðila í landinu. Þeir þurfa þannig að greiða tekjuskatt og tryggingagjald af sínum fjármagnstekjum í stað fjármagnstekjuskatts og því spurning hvernig það stenst jafnræðisreglu.
- Ef gert er ráð fyrir að sjálfstætt starfandi aðilar megi ekki hagnast af starfssemi sinni má gera ráð fyrir því að hvatinn til að leita nýrra og hagkvæmari leiða í þjónustinni minnki sem á endanum getur kostað hið opinbera mun meira þegar fram í sækir.
- Í greinargerðinni með frumvarpinu segir: „Flutningsmenn telja ekki að nota eigi takmarkaða fjármuni ríkisins til að greiða arð út úr fyrirtækjum sem veita heilbrigðisþjónustu.“ Fjármunir ríkisins munu alltaf verða takmarkaðir og engin rök eru færð fyrir því af hverju þessar sér reglur eigi að gilda fyrir fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu en ekki fyrirtækjum t.d. í mannvirkjagerð, vegagerð, réttarkerfinu o.s.frv.

Virðingarfyllt,

Unnur Pétursdóttir

Formaður Félags sjúkrabjálffara